

Geðhjálp boðar til borgarafundar um fordóma í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á morgun

Fordómar skipta alla máli

„FORDÓMAR gegn geðsjúkum eru hættulegir því þeir koma í veg fyrir að fólk leiti sér hjálpar og vinna jafnframt gegn því að fólk nái bata,“ segir Eggert Sigurðsson, fræðslu- og upplýsinga-fulltrúi Geðhjálpar.

Félagið stendur fyrir borgarafundi um fordóma á morgun, laugardaginn 5. apríl, kl. 14 sem verður haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

Frummælendur á fundinum verður fólk sem allt hefur glímt við fordóma á einn eða annan hátt á lífsleiðinni, þau Sigurður Þór Guðjónsson, Margrét Pála Ólafsdóttir og Einar Már Guðmundsson.

Að framsögu þeirra lokinni verða pallborðsumræður þar sem gestir eru hvattir til að leggja fram spurningar eða koma með ábendingar.

Allir glíma við fordóma

Eggert segir fundinn ætlaðan til að vekja máls á fordómum almennt og að fyrirlesararnir hafi haft frjálsar hendur með efnistösk.

„Það fyrirfinnst ekki sá einstaklingur sem ekki þarf að óttast eða berjast gegn fordómum því fordómar beinast gegn öllu og öllum. Okkur er því öllum málið skylt og



Geðhjálp Félagið stendur fyrir borgarafundi á morgun.

það er nauðsynlegt að viðurkenna fordóma og ræða um þá.“

Hann segir hugmyndina að

fundinum hafa kviknað þegar umræða um geðraskanir fór í gang í sambandi við síðustu borgarstjórnarskiptin í

Reykjavík. Í þeirri umræðu hafi fordómar gegn geðsjúkdómum bersýnilega komið í ljós og sýnt að umræðu væri þörf.

Eins og aðrir sjúkdómar

„Það er nauðsynlegt að geðraskanir verði litnar sömu augum og aðrir sjúkdómar, þetta eru líkamlegir og oft menningartengdir sjúkdómar og við þeim eru gefin lyf rétt eins og við öðru,“ segir Eggert.

Hann segir að fólk átti sig oft ekki á því hvað sé að gerast þegar það byrji að veikjast og dæmi sjálf sig mjög hart. „Rífðu þig nú bara upp

úr þessu“ sé það sem margir fái að heyra úr umhverfinu og þau viðbrögð kalli á enn meiri vanlíðan.

Fordómar fagfólks í garð geðraskanana segir Eggert gott dæmi um vandann. „Ef við tökum sem dæmi starfandi geðlækni og starfandi hjartalækni sem báðir veikjast af þeim sjúkdómum sem þeir meðhöndla, þá þarf hjartalæknirinn ekki að óttast viðmót starfsfélaganna. Geðlæknirinn myndi þó eflaust gera það, jafnvel þó engin ástæða væri til og hann mætti engu öðru en vinalegu viðmóti, þessi hugsanagangur er okkur nefnilega svo tamar.“